



1. tbl.

Skólaárið 2017 / 2018

Fréttabréf GSnb



Ágætu foreldrar og forráðamenn

Ég vona að þið hafið átt ánægjulegt og viðburðaríkt sumarfrí. Grunnskóli Snæfellsbæjar verður settur þriðjudaginn 22. ágúst, skólasetningin verður með sama sniði og síðasta haust. Fer hún fram í solum starfstöðvanna og síðan hitta nemendur umsjónarkennara sína. Foreldrar og velunnarar skólans eru boðnir velkomnir.

Nemendur mæta:

Kl. 10:00 í 5.-7. bekk í Ólafsvík (skólabíll fer frá Hellissandi kl. 9:40).

Kl. 11:00 í 8.-10. bekk í Ólafsvík (skólabíll fer frá Hellissandi kl. 10:40).

Kl. 12:00 í 2.-4. bekk á Hellissandi (skólabíll fer frá Ólafsvík kl. 11:40).

Skólabíll leggur af stað frá skóla að loknum skólasetningum.

Kl. 14:00 í 1.-10. bekk á Lýsu (þeir sem vilja nýta skólabíla hafi samband við skólabílstjóra).

Skóli hefst síðan samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 23. ágúst. Nemendur og forráðamenn geta nálgast stundatöflur inn á Mentor

Áætlun skólabíla og skóladagtal eru á heimasíðu skólans, <http://gsnb.is/>. Stundatöflur nemenda verður hægt að nálgast inni á Mentor mánudaginn 21. ágúst.



Námsgögn

Sú breyting verður í haust að skólinn mun leggja nemendum til gjaldfrjáls námsgögn. Nemendur þurfa eftir sem áður að mæta með skólatöskur, pennaveski, íþrótt- og sundföt. Við leggjum á það áherslu að nemendur fari vel með námsgögnin og hvetjum við þá til að nýta áfram það sem til er heima.



Morgunmatur hjá nemendum í 1.-4. bekk

Undanfarin ár hafa nemendur getað fengið morgunverð gegn vægu gjaldi. Starfsmenn skólans hafa annast þessa þjónustu. Mjög hefur dregið úr þátttöku í þessari þjónustu og margir sem voru í áskriftinni nýttu sér hana illa. Á haustönn munum við hætta að veita þessa þjónustu og munum endurskoða ákvörðunina um áramót. Fyri vikið mun skólinn á Hellissandi verður opnaður kl 7:50. Ávextir verða í boði eftir sem áður. Allar athugasemdir eru vel þegnar og skal þeim komið til skólastjóra.

Fréttabréf Grunnskóla Snæfellsbæjar

Útgefandi: Grsk. Snæfellsbæjar

Ritsjóri og ábm.: Hilmar Már Arason



Starfsmannahald

Nokkrar mannbreytingar hafa átt sér stað frá síðasta skólaári.

Fjórir starfsmenn hættu hjá okkur í vor, þetta voru þau Karitas Hrafn Elvarsdóttir bóka-safnsvörður í Ólafsvík, Brynja Mjöll íþróttakennari (hún var í leyfi), Dagmar Atladóttir myndmenntakennari og Þiðrik Viðarsson íþróttakennari. Í sumar óskuðu svo Valgerður Ægisdóttir og Sigrún Baldursdóttir eftir leyfi frá störfum.

Við erum búin að ráða í þeirra stað Fadel Abd El Mogheth Fadel íþróttakennara, Katrínu Elísadóttur verkefnastjóra stoðþjónustu, Mariönnu Sigurbjargadóttur eðlisfræðikennara, Ingiríði Harðardóttur kennara í myndmennt, Helgu Guðrínu Sigurðardóttur kennara í hönnun og smíði, Sólveigu Bláfeld Agnarsdóttur skólaliða á Hellissandi og Íris Hrund Jónsdóttir, stuðningsfulltrúi, mun leysa Hildi Lúdvíksdóttur af fram að áramótum.

Þeim sem hurfu á braut til annarra starfa eru færðar þakkar fyrir vel unnin störf fyrir skólann og nýtt starfsfólk er boðið velkomið til starfa.

Umsjónarkennarar

Umsjónarkennarar gegna veigamiklu starfi. Þeir eru mikilvægir tengiliðir heimilis og skóla. Þeir fylgjast með námsframvindu hvers og eins, mynda trúnaðartengsl við nemendur og fylgjast með andlegri og félagslegri líðan nemenda.

Umsjónarkennarar 2017-2018:

Hellissandur:

- | | |
|-----------|---|
| 1. bekkur | Guðrún Anna Oddsdóttir og Guðríður Þórðardóttir |
| 2. bekkur | Sóley Jónsdóttir og Hrund Hermannsdóttir |
| 3. bekkur | Kristín Helga Guðjónsdóttir |
| 4. bekkur | Katrín A. Magnúsdóttir |

Ólafsvík:

- | | |
|---------------|-----------------------------|
| 5. bekkur | Sigurbjörg Jónsdóttir |
| 6. bekkur | Guðrún Jenný Sigurðardóttir |
| 7. bekkur TF | Theódóra Friðbjörnsdóttir |
| 7. bekkur EBJ | Eygló Bára Jónsdóttir |
| 8. bekkur | Elva Dröfn Árnadóttir |
| 9. bekkur | Ása Gunnur Sigurðardóttir |
| 10. bekkur | Margrét Lára Guðmundsdóttir |

Lýssk.:

- | | |
|-------------|-------------------------------|
| 1.-6. bekk | Pórunn Hilma Svavarsd Poulsen |
| 7.-10. bekk | Haukur Þórðarson |

Umsóknir um aukna þjónustu

Skólinn veitir ýmsa þjónustu sem þarf að sækja um sérstaklega, má þar helst nefna:

- lengda viðveru í Skólabæ, á Hellissandi,
- mataráskrift,
- leikskólaselið í Lýssk.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Það er von okkar sem í skólanum störfum að samstarf foreldra, nemenda og starfsfólks verði gott á komandi skólaári. Við munum leggja okkur fram um að svo megi verða með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

